

Vesturbyggð
b/t Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

Reykjavík 9. maí 2019
UST201904-300/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006 - 2018 - Melanes

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 26. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir aðalskipulag Vesturbyggðar 2006 – 2018 fyrir Melanes.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á það að landbúnaðarland í landi Melanes við Rauðasand er breytt yfir í verslunar- og þjónustusvæði. Auk þess kemur fram að ástæða breytingarinnar er sú að gert er ráð fyrir uppbyggingu fyrir ferðapjónustu á fjórum lóðum vestan við bæjarstæðið þar sem reisa á gistihús og smáhýsi fyrir ferðamenn ásamt þjónustuhúsi.

Verndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Bæjarvaðall og er númer 306 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst víðáttumikilli, rauðleitri skeljasandsföru og árlóni með fjölbreyttu dýralífi.

Í gildandi aðalskipulagi í kafla 1.8.9 þar sem fjallað er um verndaáætlanir segir m.a. að stuðla skal almennt að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða.


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og


tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorðið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfallst



Björn Stefánsson
sérfræðingur